

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá nr. 1354/2011 fyrir hundahald í Hveragerðisbæ.

#### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda hund, sbr. 2. gr. samþykktar nr. 555/2007 um hundahald í Hveragerði, skulu greiða gjöld sem hér segir:

Skráningargjald kr. 18.030

Árgjald fyrir hundaleyfi kr. 17.450

Árgjaldið greiðist fyrirfram fyrir allt tímabilið með gjalddaga 15. febrúar og eindaga 15. mars. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga. Veittur er 25% afsláttur ef eigandi hunds hefur farið á námskeið í hundahaldi og 25% afsláttur til elli- og örorku-lífeyrisþega.

#### 2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 11. desember 2014 með tilvísun til heimildar í samþykkt um hundahald í Hveragerði nr. 555/2007.

*Hveragerði, 12. desember 2014.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.